

Föstudaginn 23. mars 1990.

Nr. 116/1990. **Jarprúður Baldvinsdóttir**

gegn

Hafnarbergi hf.

Kærumál. Stefnbirthing. Félög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, vísaði máli þessu frá aukadómþingi Árnessýslu.

Sóknaraðili hefur með kæru 6. mars sl., sem barst Hæstarétti 13. s.m., kært frávísun málsins frá aukadómþinginu, sem gerð var með áritun á áskorunarstefnu 20. febrúar sl.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísuninni verði hrundið og lagt verði fyrir fulltrúa sýslumanns að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta var þingfest 7. febrúar 1990, og var þá ekki sótt þing af hálfu stefnda. Var málið þá tekið til áritunar, og hinn 20. febrúar 1990 ritaði dómariinn svofellda áritun á stefnuna: „Stefna í máli þessu var birt á heimili stjórnarformanns félagsins fyrir eiginkonu hans. Í 3. mgr. (á að vera 4. mgr.) 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir: „...Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett...“ Stefndi er skrásett félag. Af gögnum málsins verður ekki ráðið, að ofangreindur birtingarháttur stefnu sé í samræmi við tilvitnað ákvæði laga nr. 85/1936, sbr. og H. 1988, 254. Verður því eigi hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.“

Samkvæmt 5. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 má birthing stefnu á félag fara fram á heimili, skrifstofu eða vinnustofu formanns stjórnar félagsins. Í máli þessu var stefnu á hendur hinu stefnda

hlutafélagi beint gegn stjórnarformanni þess. Birting stefnunnar á heimili hans var því lögmæt, og ber að fella úr gildi hina kærðu frávisunaráritun.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsathöfn er úr gildi felld og lagt fyrir héraðs-
dómara að taka málið til áritunar að nýju.
